



Uppgjör Landsbankans fyrir árið 2024

Fréttatilkynning 30. janúar 2025



Fréttatilkyning 30. janúar 2025

Uppgjör Landsbankans fyrir árið 2024

- Hagnaður Landsbankans á árinu 2024 nam 37,5 milljörðum króna eftir skatta, samanborið við 33,2 milljarða króna árið áður.
- Arðsemi eiginfjár árið 2024 var 12,1%, samanborið við 11,6% árið áður.
- Hagnaður á fjórða ársfjórðungi 2024 var 10,6 milljarðar króna og arðsemi eiginfjár var 13,3%.
- Bankaráð hyggst leggja til við aðalfund að greiða tæplega 19 milljarða króna í arð vegna ársins 2024, eða sem nemur um 50% af hagnaði ársins.
- Heildarskattgreiðslur bankans, bæði vegna tekjuskatts og sérstakra skatta á fjármálafyrirtæki, voru 17,2 milljarðar króna.
- Rekstrarkostnaður eykst í takt við verðlag en kostnaðarhlutfall hefur aldrei verið lægra, eða 32,4%.
- Útlán á árinu jukust um 177 milljarða króna, eða um 10,8%. Á sama tíma jukust innlán um 180 milljarða króna, eða um 17,2%.
- Aukin umsvif og ný þjónusta stuðluðu að auknum þjónustutekjum og hækkuðu hreinar þjónustutekjur um 2,3%.
- Vaxtamunur sem hlutfall af meðalstöðu heildareigna nam 2,7% á árinu 2024, samanborið við 3,0% á árinu 2023. Vaxtamunur heimila var 2,1%.
- Notkun á Landsbankaappinu hélt áfram að aukast og kannanir sýna mikla ánægju notenda með appið. Á árinu fjölgaði þeim sem spara í appinu um 39% og nú nota um 59.000 einstaklingar appið til að ávaxta sparnaðinn sinn á bestu kjörum sem eru í boði á óbundnum reikningum.
- Virðisbreytingar útlána voru neikvæðar um 2,8 milljarða króna, en þar af má rekja 2,7 milljarða króna til náttúruhamfaranna á Reykjanesskaga.
- Eiginfjárlutfall bankans í lok ársins var 24,3%. Fjármálaeftirlit Seðlabanka Íslands gerir 20,4% heildarkröfu um eiginfjárgrunn.
- Bankinn gefur í dag út ítarlegar sjálfbærniupplýsingar, þ.m.t. útreikning á kolefnisspori lánasafns síns, en það hefur lækkað um 20% frá viðmiðunarárinu 2019.
- Á árinu 2024 var 57,7% af nýrri fjármögnun bankans græn og í heildina er 61,3% af erlendri fjármögnun græn.
- Fjármálaeftirlit Seðlabanka Íslands birti í september niðurstöður mats síns um að bankinn væri hæfur til að fara með virkan eignarhlut í TM tryggingum hf. Beðið er niðurstöðu málsmeðferðar Samkeppniseftirlitsins.
- Pillar III áhættuskýrsla fyrir árið 2024 kemur út samhliða birtingu ársuppgjörnsins.
- Árs- og sjálfbærnisráðgjafar Landsbankans kemur út 13. febrúar 2025.

Lilja Björk Einarsdóttir, bankastjóri Landsbankans, segir:

„Landsbankinn náði öllum helstu markmiðum sínum á árinu 2024, hvort sem þau lúta að þjónustu við viðskiptavinum, fjárhag eða rekstri. Hagnaður nam 10,6 milljörðum króna á fjórða ársfjórðungi og 37,5 milljörðum króna yfir árið í heild. Arðsemi eiginfjár á ársgrundvelli var 12,1%. Fjórði ársfjórðungur var einn sá sterkasti í sögu bankans.

Góð rekstrarafkoma bankans byggir á traustum grunni. Á síðustu tíu árum hafa heildareignir bankans aukist um 1.083 milljarða króna og eigið fé um 74 milljarða króna, samhliða arðgreiðslum til eigenda samtals að upphæð 192 milljarðar króna. Kostnaður við rekstur bankans hefur verið stöðugur, stöðugildum hefur fækkað samhliða aukinni tæknivæðingu og rekstrarkostnaður sem hlutfall af stöðu heildareigna, sem er algengur mælikvarði á hagkvæmni banka, hefur aldrei verið lægri. Með þessu hefur samkeppnishæfni og slagkraftur bankans aukist sem gerir honum kleift að styðja enn betur við verðmætasköpun og fjárfestingar. Vaxtamunurinn lækkar á milli tímabila og bankinn er í aðstöðu til að bjóða betri kjör en um leið skila ásættanlegri arðsemi.

Sterk staða bankans skilar sér meðal annars út í samfélagið með aukinni útlánagetu en alls nam útlánaaukning ársins 177 milljörðum króna og var um 60% aukningarinnar vegna útlána til fyrirtækja. Landsbankinn er sem fyrr umfangsmesti lánveitandinn til byggingariðnaðarinnar og hélt sterkri stöðu í útlánum til sjávarútvegs, þrátt fyrir harða samkeppni frá erlendum lánastofnunum sem geta boðið betri kjör í erlendum gjaldmiðlum í krafti enn meiri stærðarhagkvæmni, lægri fjármagnskostnaðar og lægri skatta. Áhersla okkar á að bæta þjónustu við lítil og meðalstór fyrirtæki bar góðan árangur og við sjáum mörg tækifæri á þeim markaði. Eftirspurn eftir íbúðalánum bankans var meiri en áætlanir gerðu ráð fyrir og greinilegt að lántakar sækja í samkeppnishæf kjör, skjóta afgreiðslu og vandaða þjónustu. Þegar fastvaxtatímabili íbúðalána lauk hjá viðskiptavinum sem höfðu fest vexti þegar þeir voru hvað lægstir, hringdum við í þá alla og buðum þeim ráðgjöf og fórum yfir þá valkosti sem voru í boði.

Aukin útlán hvíla á traustri fjármögnun, ekki síst á auknum innlánum sem jukust um 180 milljarða króna á árinu. Góð kjör og stafræn þjónusta í fremstu röð spila þar lykilhlutverk. Á árinu fjölgaði viðskiptavinum sem spara í appi, og njóta þannig bestu kjara á óbundnum reikningum, um 39% og nú nýta um 59.000 einstaklingar sér þessa hagstæðu og einföldu sparnaðarleið. Fjármögnun á erlendum og innlendum verðbréfamörkuðum gekk sömuleiðis vel og er rétt að nefna sérstaklega útgáfu á víkjandi forgangsbréfum en um var að ræða fyrstu slíka útgáfu hjá íslenskum banka. Vel heppnaðar skuldabréfaútgáfur staðfesta sterka stöðu bankans sem endurspegladist einnig í hækkun á láns hæfismati. Við teljum allar forsendur vera fyrir frekari styrkingu láns hæfismatsins á næstu misserum.

Vaxtamunur bankans fór lækkandi á árinu, í lækkandi vaxtaumhverfi, og hreinar vaxtatekjur drógust lítillega saman. Á hinn bóginn var vöxtur í þóknatekjum, ekki síst vegna góðs árangurs í færsluhirðingu bankans sem hefur stimplað sig rækilega inn. Á árinu komu 757 ný fyrirtæki í færsluhirðingu til okkar, þar af mörg af stærstu smásölufyrirtækjum landsins. Færsluhirðingin hefur aukið breiddina í þjónustu bankans, stuðlað að aukinni ánægju viðskiptavina og gefið bankanum ný sóknarfæri á fyrirtækjamarkaði en tæplega 40% af fyrirtækjunum sem komu í færsluhirðingu voru ekki í neinum viðskiptum við okkur áður.

Kaup bankans á TM munu sömuleiðis gefa bankanum mörg sóknartækifæri, bæði meðal fyrirtækja og einstaklinga. Við teljum að samþætting banka- og tryggingastarfsemi komi sér vel fyrir viðskiptavinum, sé hagkvæm og feli í sér mörg tækifæri, eins og reynslan af slíkum rekstri víða í Evrópu hefur sýnt. Um leið munu kaupin fjölga tekjustoðum og styðja við arðsemi til framtíðar. Það er ekki síst markviss stefna bankans undanfarin ár, að bjóða viðskiptavinum um allt land framúrskarandi þjónustu, bæði með því að vera á staðnum og í gegnum frábært app og aðrar tæknilausnir, sem skapar tækifæri fyrir bankann og TM.

Meðal helstu tíðinda í íslensku viðskiptalífi á liðnu ári var yfirtaka JBT á Marel. Landsbankinn hefur lengi, í gegnum Eyri Invest, átt óbeinan eignarhlut í Marel sem rekja má til endurfjármögnunar Eyris Invest árið 2009. Virði eignarhlutarins í Eyri hefur sveiflast mikið á undanförunum árum og stundum haft töluverð áhrif á uppgjör bankans, en á heildina litið hefur aðkoma bankans að Marel og Eyri verið afar farsæl.

Langflestir viðskiptavinir okkar nota Landsbankaappið til að sinna bankaerindum sínum. Appið er þjálmt í notkun, býður upp á ýmsa möguleika sem hvergi eru í boði annars staðar og mælingar sýna mikla ánægju hjá notendum. Það er líka í stöðugri þróun en alls gáfum við út 33 uppfærslur af appinu á síðasta ári. Samhliða áherslu á framþróun í appinu og öðrum tæknilausnum, leggjum við áfram rækt við mannlega þáttinn. Við erum með 35 útibú og afgreiðslur um allt land og á árinu lögðum við enn meiri áherslu á að gera starfsfólki víða um land kleift að vinna verkefni sem eru óháð staðsetningu. Árangurinn er ótvíræður og birtist meðal annars í styttri afgreiðslu- og biðtíma en einnig í aukinni ánægju starfsfólks sem er ánægt með fjölbreytt og krefjandi verkefni. Landsbankinn er traustur banki fyrir farsæla framtíð og árangur bankans undanfarin ár sýnir og sannar að með traustu og metnaðarfullu starfsfólki er allt hægt.“

Helstu atriði úr rekstri árið 2024

- Hagnaður á árinu 2024 nam 37,5 milljörðum króna eftir skatta, samanborið við 33,2 milljarða króna á árinu 2023.
- Arðsemi eiginfjár eftir skatta var 12,1% samanborið við 11,6% arðsemi árið áður.
- Hreinar vaxtatekjur námu 57,2 milljörðum króna á árinu 2024 samanborið við 57,6 milljarða króna á árinu 2023.
- Vaxtamunur í hlutfalli af meðalstöðu heildareigna var 2,7% árið 2024 samanborið við 3,0% árið 2023.
- Hreinar þjónustutekjur námu 11,4 milljörðum króna á árinu 2024 samanborið við 11,2 milljarða króna á árinu 2023.
- Aðrar rekstrartekjur voru jákvæðar um 11,1 milljarð króna en voru jákvæðar um 5,1 milljarð króna árið 2023. Virðisbreyting útlána og krafna var neikvæð um 2,8 milljarða króna árið 2024 samanborið við neikvæða virðisbreytingu upp á 3,1 milljarð króna árið 2023.
- Laun og launatengd gjöld námu 16,5 milljörðum króna á árinu 2024, samanborið við 15,9 milljarða króna árið áður.
- Rekstrarkostnaður að frátöldum launum og tengdum gjöldum nam 10,2 milljörðum króna samanborið við 10,1 milljarð króna árið 2023.
- Kostnaður sem hlutfall af tekjum (K/T) var 32,4% árið 2024 samanborið við 33,7% árið 2023.
- Tekjuskattur á árinu 2024 nam 12,9 milljörðum króna samanborið við 12,4 milljarða króna á árinu 2023. Heildarskattgreiðslur bankans námu 17,2 milljörðum króna.
- Meðalstöðugildi ársins voru 811 en voru 849 árið 2023. Stöðugildi í árslok 2024 voru 822.

Helstu atriði úr rekstri á fjórða ársfjórðungi (4F) 2024

- Hagnaður á 4F 2024 nam 10,6 milljörðum króna samanborið við hagnað upp á 10,8 milljarða króna á sama ársfjórðungi árið 2023.
- Arðsemi eiginfjár eftir skatta var 13,3% á 4F 2024, samanborið við 14,5% arðsemi á sama ársfjórðungi árið á undan.
- Hreinar vaxtatekjur á ársfjórðungnum voru 13,1 milljarður króna en þær námu 14,8 milljörðum króna á 4F 2023.
- Hreinar þjónustutekjur námu 3,3 milljörðum króna en voru 3,1 milljarður króna á 4F 2023.
- Virðisbreyting útlána og krafna var neikvæð um 754 milljónir króna á 4F 2024 en var neikvæð um 1,3 milljarða króna á 4F 2023.

-
- Vaxtamunur í hlutfalli af meðalstöðu heildareigna var 2,4% á 4F 2024 en var 3,0% á 4F 2023.
 - Laun og launatengd gjöld á 4F 2024 námu 4,5 milljörðum króna samanborið við 4,3 milljarða króna á sama ársfjórðungi 2023.
 - Rekstrarkostnaður að frátöldum launum og launatengdum gjöldum nam 2,6 milljörðum króna á 4F 2024 samanborið við 3,0 milljarða króna á sama ársfjórðungi 2023.
 - Kostnaðarhlutfall (K/T) á fjórða ársfjórðungi 2024 var 32,8% samanborið við 31,6% á sama ársfjórðungi árið á undan.

Efnahagur:

- Á árinu 2024 greiddi Landsbankinn 16,5 milljarða króna í arð til hluthafa.
- Útlán til einstaklinga jukust um 68 milljarða króna og útlán til fyrirtækja um 109 milljarða króna.
- Útlán jukust um 177 milljarða króna á árinu en af þeirri upphæð eru áhrif gengis um 8,0 milljarðar króna til lækkunar. Á árinu var mikil aukning verðtryggðra íbúðalána samhliða uppgreiðslum og endurfjármögnun óverðtryggðra íbúðalána.
- Á árinu 2024 hækkaði liðurinn eignir til sölu um 1,3 milljarða króna sem skýrist meðal annars af því að nú er 47,9% eignarhlut bankans í Greiðslumiðlun Íslands haldið til sölu.
- Á árinu var áframhaldandi vöxtur innlána en aukningin nam 180 milljörðum króna. Innlán frá viðskiptavinum eru stærsti hluti fjármögnunar bankans og námu heildarinnlán 1.228 milljörðum króna í lok árs.
- Fjármögnun bankans hefur gengið vel á árinu, heildarútgáfan hefur aukist um 35 milljarða króna og nemur 569 milljörðum króna í lok árs 2024. Á árinu gaf bankinn í fyrsta sinn út víkjandi forgangsbréf.
- Bankinn fylgist náið með og stýrir lausafjárahættu sinni í heild, í erlendum myntum og í íslenskum krónum. Lausafjárhlutfall bankans (e. liquidity coverage ratio) var 164% í lok árs 2024 samanborið við 181% í lok árs 2023.
- Vanskil einstaklinga og fyrirtækja eru áfram lág í sögulegu samhengi. Vandræðalán eru 1,1% af útlánnum í árslok samanborið við 1,0% í árslok 2023.

Lykiltölur samstæðunnar

REKSTUR	2024	2023	Breyting	Breyting%	4F 2024	4F 2023	Breyting	Breyting%
<i>Fjárhæðir í milljónum króna</i>								
Hagnaður tímabilsins	37.508	33.167	4.341	13,1%	10.600	10.784	(184)	(1,7%)
Hreinar vaxtatekjur	57.197	57.559	(362)	(0,6%)	13.107	14.783	(1,676)	(11,3%)
Hreinar þjónustutekjur	11.405	11.153	252	2,3%	3.337	3.066	271	8,8%
Aðrar rekstrartekjur	11.101	5.136	5.965	116,1%	4.656	3.986	670	16,8%
Rekstrartekjur	79.703	73.848	5.855	7,9%	21.100	21.835	(735)	(3,4%)
Laun og launatengd gjöld	(16.534)	(15.866)	(668)	4,2%	(4.529)	(4.332)	(197)	4,5%
Annar rekstrarkostnaður	(10.202)	(10.092)	(110)	1,1%	(2.633)	(2.979)	346	(11,6%)
Rekstrargjöld	(29.333)	(28.248)	(1.085)	3,8%	(7.804)	(7.838)	34	(0,4%)
EFNAHAGUR	31.12.2024	31.12.2023	Breyting	Breyting%				
Heildareignir	2.181.759	1.960.776	220.983	11,3%				
Útlán til viðskiptavina	1.807.437	1.630.894	176.543	10,8%				
Innlán frá viðskiptavinum	1.228.444	1.048.537	179.907	17,2%				
Eigið fé	324.649	303.754	20.895	6,9%				
KENNITÖLUR	2024	2023	4F 2024	4F 2023				
Arðsemi eigin fjár eftir skatta	12,1%	11,6%	13,3%	14,5%				
Vaxtamunur í hlutfalli af meðalstöðu heildareigna	2,7%	3,0%	2,4%	3,0%				
Rekstrarkostnaður í hlutfalli af meðalstöðu eigna	1,3%	1,4%	1,3%	1,5%				
Kostnaður sem hlutfall af tekjum (K/T)*	32,4%	33,7%	32,8%	31,6%				
	31.12.2024	31.12.2023	31.12.2022	31.12.2021	31.12.2020			
Eiginfjárlutfall alls	24,3%	23,6%	24,7%	26,6%	25,1%			
Samtals MREL fjármögnun	38,2%	37,9%	40,4%					
Samtals undirskipuð MREL fjármögnun	25,5%	23,6%						
Fjármögnunarþekja erlendra mynta	143%	145%	132%	142%	132%			
Heildarlausafjárþekja	164%	181%	134%	179%	154%			
Lausafjárþekja erlendra mynta EUR (LCR FX til og með 2022)	951%	1.499%	351%	556%	424%			
Vandræðalán	1,1%	1,0%	1,0%	1,7%	2,0%			
Meðalstöðugildi	811	849	843	890	921			
Stöðugildi í lok tímabils	822	817	813	816	878			

*K/T = Rekstrargjöld alls/(Hreinar rekstrartekjur – virðisbreytingar útlána).

Aðrir þættir í rekstri bankans á árinu 2024

- LS&P Global Ratings hækkaði lánsþæfismat bankans í BBB+ með jákvæðum horfum.
- Fjöldi nýjunga bættust við Landsbankaappið og notendum fjölgaði um 11% en alls skráðu um 164.200 notendur sig inn í appið á árinu. Að meðaltali skrá um 137.900 viðskiptavinir sig inn í appið í hverjum mánuði.
- Eignir í stýringu hjá samstæðu Landsbankans jukust um rúmlega 22% og voru 789 ma.kr. í árslok.
- Við gerðum viðskiptavinum mun auðveldara um vik að sækja um lífeyrissparnað í appinu og í kjölfarið hækkaði sjálfsafgreiðsluhlutfall upp í 81%. Mesta fjölgun á nýjum viðskiptavinum í skyldulífeyrissparnaði var á meðal fólks á aldrinum 16-24 ára en í þeim aldurshópi nam fjölgunin 23%.
- Viðskiptavinir Landsbankans söfnuðu samtals 643 milljónum Aukakróna á árinu, sem er met í söfnun, og nýttu þær til kaupa á vörum og þjónustu fyrir samtals 583 milljónir.
- Starfsfólk á landsbyggðinni annaðist 80% fjarfunda sem viðskiptavinir bókuðu.
- Við höldum fjölda fræðslufunda, um leiðir til að stækka fyrirtæki, um fjármál, lífeyrismál og netöryggi og birtum fræðsluefni á vefnum okkar og samfélagsmiðlum. Fundirnir voru haldnir víða um land og voru vel sóttir.
- Landsbankinn tekur, ásamt öðrum bönkum og lífeyrissjóðum, þátt í fjármögnun á Fasteignafélaginu Þórkötlu ehf. sem ríkissjóður stofnaði í þeim tilgangi að kaupa íbúðarhúsnæði í Grindavík. Meirihluti viðskiptavina í Grindavík með íbúðalán hjá bankanum hefur kosið að selja Fasteignafélaginu Þórkötlu ehf. fasteignir sínar. Í árslok var búið að greiða upp íbúðalán til 477 einstaklinga sem eru í viðskiptum við bankann og veita fasteignafélaginu lán að fjárhæð 12,8 milljarða króna. Endanleg lánsfjárhæð til fasteignafélagsins liggur ekki enn fyrir, né heldur heildarfjárhæð íbúðalána til viðskiptavina bankans sem kjósa ekki að nýta sér úrræðið.
- Í UFS-áhættumati Sustainalytics, sem tekur til umhverfismála, félagslegra þátta og stjórnarháttá, fékk bankinn 15,4 í einkunn og er talin lág áhætta á að bankinn verði fyrir fjárhagslegum áhrifum tengdum UFS-þáttum. Í nýjasta UFS-mati Reitunar fékk bankinn framúrskarandi einkunn og er í flokki A3.
- Stefna bankans er að hafa jákvæð áhrif á samfélagið og styðja við verkefni sem stuðla að uppbyggingu og framþróun. Við vörðum um 200 milljónum króna í ýmis konar styrki og samstarf, m.a. Gleðigönguna, Hönnunarmars, KSÍ, Skólahreysti og Upprásina, auk stuðnings við íþrótt- og góðgerðafélög um allt land. Við veitum sjálfbærni- og samfélagsstyrki og styrktum framúrskarandi námsmenn.

Fjárhagsdagatal Landsbankans

- Aðalfundur 19. mars 2025
- Uppgjör 1F 2025 30. apríl 2025
- Uppgjör 2F 2025 17. júlí 2025
- Uppgjör 3F 2025 23. október 2025
- Ársuppgjör 2025 29. janúar 2026